

Dreifibréf til verkfræðistofa, hönnuða og fyrirtækja sem vinna með búnað sem fellur undir reglur um þrýstibúnað nr. 1022/2017.

Reykjavík, 16.1.2018
Tilvísun: 201712-0067/1.01.00

Varðar hönnun, framleiðslu og samræmismat þrýstibúnaðar og samsetninga með leyfilegan hámarksþrýsting yfir 0,5 bar.

Að gefnu tilefni vill Vinnueftirlitið vekja athygli á að nýjar reglur um þrýstibúnað hafa tekið gildi. Ný reglugerð um þrýstibúnað nr. 1022/2017 leysir af eldri reglur nr. 571/2000.

Þær kröfur sem framangreind reglugerð hefur í för með sér verða ekki afturvirkar og munu eldri reglur nr. 571/2000 um þrýstibúnað gilda um þann búnað sem framleiddur var fyrir 27. nóvember sl.

Vinnueftirlitið metur það svo að þessi reglugerð muni ekki hafa mikil áhrif í för með sér fyrir atvinnulífið í landinu þar sem í grunninn eru efnisákvæði þessarar nýju reglugerðar þau sömu eða svipuð og í fyrri reglum.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Ábyrgð og lagaleg skylda innflytjanda og dreifingaraðila er aukin. t.d. þurfa þessir aðilar að geta afhent Vinnueftirlitinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða rafrænt, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á hverjum hann hafi selt vöruna (sjá 10-11 gr. reglugerðarinnar).
- Hert hefur verið á kröfum um samræmismatsaðferðir og þar með flokkun á þeim þrýstibúnaði sem um ræðir hverju sinni (breyting á flokkum og aðferðareiningum, 16. gr).
- Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa á Íslandi með skriflegu umboði. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal m.a. veita viðurkennda fulltrúanum heimild til að varðveita ESB-samræmisýfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu aðgengileg fyrir Vinnueftirlit ríkisins í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin hefur verið sett á markað (9. gr.).

Hægt er finna nýju reglugerðina á heimasíðu stofnunarinnar: www.vinnueftirlit.is
http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/B_nr_1022_2017.pdf

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlitsins
Ágúst Ágústsson
Tæknideild